

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 11. apríl 2014 í máli nr. S-770/2013:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Hannibal Sigurvinnssyni

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars síðastliðinn, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara 30. ágúst 2013 á hendur Hannibal Sigurvinnssyni, kt. [...],[...],[...], „fyrir stórfellda líkamsárás, með því að hafa mánudaginn 27. september 2010, á bifreiðastæði framan við íbúðarhúsið [...] í [...], veist með ofbeldi að Y en ákærði sló með hafnaboltakylfu í hliðarrúðu bifreiðarinnar [...] ökumannsmegin, vitandi að Y sat þar fyrir innan í ökumannssæti, með þeim afleiðingum að rúðan mölbrotnaði og glerbrot þeyttust á Y og í bæði augu hans. Er Y steig út úr bifreiðinni í kjölfarið, sló ákærði með hafnaboltakylfunni í vinstri öxl hans. Afleiðingar árásarinnar urðu þær að Y hlaut um 5 mm langan skurð ofarlega á hornhimnu vinstra auga og skaddaðan augastein, og varð Y blindur á vinstra auga og með 20% sjón á hægri auga.“

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu gerir Y, kt. [...], kröfu um að viðurkennd verði bótaskylda ákærða vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut 27. september 2010 er ákærði veittist að honum með ofbeldi með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlega augnáverka, auk annars tjóns.

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði bundin skilorði. Þá er þess krafist að bótakröfu Y verði vísað frá dómi. Verjandi ákærða krefst þóknunar sér til handa.

I

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning klukkan 14.31 um að maður hefði fengið glerbrot í auga þegar rúða brotnaði í bifreið. Þegar

lögreglumenn komu á vettvang var sjúkrabifreið þá þegar komin á staðinn og brotþoli inni í sjúkrabifreiðinni. Samkvæmt upplýsingum sjúkraflutningamanna hafi einhver glersalli verið í augum brotþola og hafi þeir ætlað að drífa sig á slysadeild með hann ásamt A, félagi brotþola. Vinur þeirra, B, varð eftir á vettvangi. Bifreiðin [...] var á vettvangi og mátti sjá að rúða í bílstjórahurð var brotin. Einnig mátti sjá ákomu á álfurá í kringum rúðu. Glersalli lá á bifreiðastæðinu við hlið bifreiðarinnar og einnig fyrir aftan hana. Að sögn B hafi ákærði komið þarna að og brotið rúðuna með hafnaboltakylfu. Vitnið B sagði að hann, brotþoli og A hafi verið inni í bifreiðinni og hafi brotþoli setið undir stýri. Hafi brotþoli ætlað að bakka og þá hafi ákærði komið og lamið í rúðuna með hafnaboltakylfu með þeim afleiðingum að rúðan brotnaði. Brotþoli hafi rokið út úr bifreiðinni og hafi ákærði lamið aftur í átt að brotþola og taldi B höggið hafa lent í andlitinu á brotþola. Að þessu loknu hafi ákærði farið á brott í grænum Cherokee.

Haft hafi verið símasamband við brotþola 30. september, sem þá hafi enn verið á sjúkrahúsi. Hafi brotþoli kveðið forsögu málsins vera þá að hann hafi unnið hjá ákærða þar til í júlí síðastliðinn þegar ákærði hafi sagt honum upp störfum. Ákærði hafi skuldað honum laun í einn mánuð fyrir vinnu. Við brottreksturinn hafi brotþoli farið af staðnum og skilið eftir opið. Ákærði hafi sagt að það hefði verið brotþola að kenna að brotist hafi verið inn í fyrirtækið og stolið verkfærum fyrir 500.000 – 1.000.000 króna. Hafi ákærði hóttað brotþola handrúkkurum og einnig hafi hann hóttað foreldrum brotþola. Þá hafi ákærði greinilega setið fyrir brotþola sem hafi verið út í bifreið foreldra sinna með vinum sínum að skipta um útvarp þegar einn vina hans segi: „Þarna kemur einhver maður.“ Hafi brotþoli þá litið til vinstri í sama mund og ákærði lemur með hafnaboltakylfu í rúðuna með þeim afleiðingum að glerbrotin fóru um allt og þar á meðal í augu brotþola. Kvaðst brotþoli hafa farið út úr bifreiðinni og þá hafi ákærði slegið aftur til hans en brotþoli segist hafa náð að grípa í kylfuna. Þá hafi ákærði farið. Þá er haft eftir brotþola að hann hafi farið í aðgerð strax við komuna á sjúkrahúsið og hafi hún tekið átta klukkustundir. Hann sæi ekkert með vinstra auganu en eitthvað örlítið með hægri auga. Hann hafi haft mikla verki í augunum um nóttina og ekkert sofið vegna þess.

Vitnið Y, brotþoli, kærði atvikið og gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 4. október 2010. Hann greindi frá því að upphaf málsins væri að í maí síðastliðinn hefði hann byrjað að vinna hjá ákærða á bílaverkstæðinu [...] og unnið þar fram að fyrstu helginni í júlí. Hefði brotþoli ekki fengið greidd laun fyrir vinnu sína og ítrekað gengið eftir því en skuldin hefði verið 170.000 krónur fyrir júnímánuð. Þann 5. júlí hafi brotþoli gengið út og skilið verkstæðið eftir mannlaut. Nokkrum dögum síðar hafi ákærði hringt í hann og borið á hann að hann hafi stolið verkfærum og hjólbörðum af verkstæðinu fyrir 300.000 krónur. Nokkrum dögum síðar hafi ákærði hringt aftur og þá sakað hann um að hafa stolið verkfærum fyrir 600.000 krónur. Hafi ákærði hóttað brotþola líkamsmeiðingum. Þá hafi ákærði hringt á heimili brotþola og spurt um það hvort brotþoli væri með verkfæri frá honum. Hafi ákærði hóttað móður brotþola og sagt að yrði verkfærunum ekki skilað myndi það bitna á fjölskyldu brotþola. Kvaðst brotþoli ekki hafa stolið frá ákærða en vilja fá greidd laun fyrir júní sem hann hafi ekki fengið utan 50.000 króna sem greiddar hafi verið 10. júlí 2010. Þegar atvikið átti sér stað var brotþoli að laga útvarpið í bifreið foreldra sinna. Með honum hafi verið tveir kunningjar hans, B og A. Kvaðst brotþoli hafi setið í öikumannssæti bifreiðarinnar þegar B hafi allt í einu kallað: „Hannibal.“ Brotþoli hafi séð hvar ákærði hafi komið

hlaupandi með hafnaboltakylfu að bílnum og hafi hann þá ræst bílinn, sett í bakkgríp og ekið aftur á bak. Kvaðst brotapolí hafa síðan horft út um hliðarrúðuna og séð hvar ákærði hafi lamið með hafnaboltakylfunni í rúðuna og hafi hann náð að setja höndina fyrir en glerbrot hafi þó farið í bæði augu hans. Brotapolí hafi þá opnað hurðina og þá hafi ákærði lamið hann með kylfunni í vinstri öxlina og öskrað: „Dótið mitt.“. Ákærði hafi ætlað að slá hann með kylfunni en brotapolí kveðst hafa tekið í kylfuna og varist högginu og sagt ákærða að hann væri ekki með nein verkfæri frá honum. Þá hafi B og A komið út úr bifreiðinni og ákærði þá farið í burtu á bifreið sinni.

Brotapolí gaf á ný skýrslu hjá lögreglu 7. september 2011 og greindi frá því að hann hefði litið upp þegar B hafi kallað „Hannibal“ og um leið hafi ákærði brotið hliðarrúðuna með hafnaboltakylfu og glerbrotin lent í andliti hans. Hann hafi náð að starta bifreiðinni í gang en bíllinn hafi síðan runnið aftur á bak og þar hafi hann farið út úr bifreiðinni. Það sé skýringin á því að glerbrot hafi verið á tveimur stöðum. Fyrst þegar ákærði hafi brotið rúðuna og síðan þegar hann opnaði hurðina en þá hafi glerbrot dottið niður á bílastæðið.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 20. október 2010. Kvaðst ákærði hafa verið að aka og þá mætt brotapolá. Þar sem ákærði hafi þurft að ræða við brotapolá hafi hann snúið við og fylgt brotapolá eftir. Hafi brotapolí lagt í stæði og segir ákærði að hann hafi farið úr bifreið sinni til að ræða við brotapolá en þá hafi brotapolí bakkað bílnum á ákærða. Hafi ákærði þá ýtt með vinstri hendi í hliðarglugga öikumansmegin og við það hafi rúðan brotnað. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið með hafnaboltakylfu eins og honum hafi verið kynnt að vitni hafi borið. Þá kvað ákærði að brotapolí hafi farið út úr bílnum en engin átök hafi verið þeirra á milli heldur hafi brotapolí verið með handapat en ákærði kvaðst hafa náð að slá það frá sér án þess að koma við brotapolá. Þá kvað ákærði það ekki vera rétt að hann hafi gengið beint að bílnum með hafnabolakylfu. Hann hafi verið á rauðum Fiat en hann eigi grænan Cherokee en sá bíll sé númerslaus á bak við heimili hans. Hafi númerin verið tekin af „um daginn“. Spurður um tengsl hans við brotapolá bar ákærði að hann hefði unnið hjá honum á dekkjaverkstæðinu [...] í „dekkjatörnninni“ ásamt B. Hafi brotapolí unnið út júní en hafi þá hætt. Hafi ákærði fengið upplýsingar um það að brotapolí hefði brotist inn hjá honum eftir að hann var hættur og væri það mál í rannsókn hjá lögreglu. Ekkert hefði komið út úr þeirri rannsókn og hefði ákærði verið orðinn langþreyttur á aðgerðarleysi lögreglu og því viljað ræða sjálfur við brotapolá. Það hafi verið það sem hann var að gera 27. september en hann hafi ekki ætlað að valda brotapolá neinum skaða.

Vitnið C lýsti því í skýrslu hjá lögreglu að hún hefði verið stödd á heimili sínu og heyrt mikinn hávaða fyrir utan húsið. Þegar hún hafi litið út um gluggann hafi hún séð hvar brotapolí hafi verið fyrir utan bíl foreldra hans en annar maður hafi verið að ganga frá, en hún hafi ekki getað greint frá því hvort sá aðili hafi verið með eitthvað í höndunum. Hafi sá farið upp í Grand Cherokee jappa gráan að lit. Hún hafi séð aftan á manninn og því ekki séð hann vel þannig að hún gæti þekkt hann aftur. Brotapolí hafi kallað: „Gerið eitthvað strákar,“ en hann hafi haldið fyrir andlit sér og síðan hafi hann hlaupið inn til foreldra sinna með hendurnar fyrir andlitinu. Vitnið kvaðst oft hafa séð þennan sama jappa þar sem honum hafi verið lagt í hrauninu skammt frá en þá hafi einhver maður setið í bílnum eins og hann væri að bíða eftir einhverjum.

Vitnið B sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu, sem tekin var 12. október 2010, að hann hefði setið inni í bíl foreldra brotþola. Hefði hann setið í farþegasæti við hliðina á öikumanni. Hefði brotþoli farið út úr bifreiðinni og hann þá séð ákærða koma gangandi til þeirra. Hann hafi sagt við brotþola: „Hannibal er að koma.“ Brotþoli hafi þá sest aftur inn í bílinn en ákærði hafi gengið að öikumannshurðinni og lamið í rúðuna með kylfu sem hann hafi verið með. Um hafi verið að ræða stóra hafnaboltakylfu. B kvað ákærða hafa lamið einu sinni í hliðarrúðuna og brotið hana á sama tíma og brotþoli hafi reynt að bakka bílnum. Hafi brotþoli þá stöðvað bílinn og farið út úr bílnum. Ákærði hafi þá slegið aftur í brotþola með hafnaboltakylfunni en á sama tíma hafi hann kallað í ákærða og spurt hvað honum gengi til. Hafi ákærði þá forðað sér. B bar að ákærði hefði lamið brotþola tvisvar til þrisvar eftir að hann kom út úr bílnum en brotþoli hafi náð að verjast höggunum. B kvaðst kannast við ákærða frá því að hann hafi verið að vinna hjá honum á bílverkstæði. Spurður um ástæðu þess að ákærði hafi ráðist að brotþola kvað vitnið að deilur hefðu verið á milli þeirra. Brotþoli segi ákærða skulda sér laun en ákærði hafi sakað brotþola um að hafa brotist inn á verkstæðið og stolið þaðan miklum verðmætum.

Vitnið A lýsti því í skýrslu hjá lögreglu, sem tekin var 12. október 2010, að brotþoli hefði verið að gera við útvarp í bifreið foreldra sinna. Hafi hann setið í aftursæti fyrir aftan öikumann. Allt í einu hafi hann séð hvar ákærði kom hlaupandi til þeirra með stóra hafnaboltakylfu sem hann hafi lamið með í hliðarrúðu bílsins þar sem brotþoli hafi setið. Rúðan hafi brotnað og þá hafi brotþoli farið út úr bílnum. Hafi hann séð að brotþoli hafi náð að taka í kylfuna. A kvaðst kannast við ákærða frá því að hann hafi heimsótt brotþola og B sem hafi unnið hjá ákærða síðastliðið vor. Deilur hafi verið á milli ákærða og brotþola um laun sem brotþoli kvað ákærða skulda sér.

Í viðtalsskýrslu lögreglu 4. október 2012 er haft eftir vitninu B að hann hafi setið í framsæti bifreiðarinnar við hlið öikumanns sem hafi verið brotþoli, en A hafi setið í aftursæti. Einnig að ákærði hafi reynt að berja brotþola með kylfunni eftir að brotþoli var kominn út úr bifreiðinni. Hann muni ekki hvort brotþoli hafi gengið inn til sín eða hvort hann hafi stutt hann, en eftir því sem hann muni best hafi brotþoli farið inn á salerni til að skola augun með vatni. Spurður um það hvort vitnið hafi séð áverka á brotþola sagði vitnið að augun á honum hafi verið galopinn en ekkert blóð.

II

Fyrir liggur áverkavottorð D sérfræðings, dagsett 12. október 2010. Þar kemur fram að brotþoli hafi komið á augndeild Landspítala Háskólasjúkrahúss 27. september sama ár með göt á hornhimnum beggja augna. Hafi hann verið með um það bil 5 mm skurð ofarlega temporalt á hægri hornhimnu. Sárkanturinn hafi verið tættur og vantað búta af hornhimnu í sárbrúnirnar. Ekki hafi fundist glerbrot, hvorki við skoðun né í aðgerð, þegar skurðurinn hafi verið saumaður. Á vinstra auga hafi brotþoli verið með rúmlega 5 mm skurð ofarlega á hornhimnu og hafi brúnir skurðarins einnig verið töluvert tættar og búta úr hornhimnu hafi vantað í sárkanta. Þá hafi vantað hluta úr augasteini vinstra augans og hafi hann verið kominn með traumatiskan cataract þarna fljótlega eftir áverkann og hafi glerhlaup legið út í gegnum skurðinn. Á MRI-myndum teknum fyrir aðgerð hafi vaknað

sterkur grunur um retinal/choroidal blæðingar. Ekki hafi sést neinn aðskotahlutur, hvorki á MRI-rannsókn né í aðgerðinni. Ekki hafi þó verið farið inn í glerhlaup og leitað þar.

Einnig segir í vottorðinu að athygli veki, varðandi áverka brotaþola, að hann hafi fengið skurð í bæði augu sem sé mjög óvanalegt. Það hvað sárabarmarnir í báðum augum hafi verið tættir bendi til þess að það sem hafi valdið götunum hafi ekki verið mjög beitt, en stungist á mikilli ferð í augun. Ásamt því að hann skuli hafa hlotið skurði á báðum augum ofarlega á staði sem venjulega séu huldir augnlokum án þess að áverkar sjáist á augnlokum eða í andliti veki það einnig athygli að skurðirnir á augunum séu ekki eins staðsettir það er að segja á hægri auganu sé skurðurinn uppi og hliðlægt, en á vinstra auganu sé hann ofan til fyrir miðju. Allt þetta og það að brotaþoli hafi ekki verið með neina áverka í andliti veki grun um að áverkarnir geti hafa hlotist með öðrum hætti en brotaþoli tilgreini. Einnig liggur fyrir læknisvottorð E sérfræðings, dagsett 22. nóvember 2011. Þar segir að við útskrift af augndeild 1. október 2010 hafi sjónskerpa á hægri auga einungis verið 0,1 og á vinstra auga einungis handhreyfing við augað. Síðan hafi sjúklingi verið fylgt eftir reglubundið á augndeildinni. Sárin hafi hafst nokkuð vel við og hafi verið unnt að fjarlægja nokkra sauma en sjónskerpa sjúklings hafi lítið batnað, enda hafi vinstri augasteinn eyðilagst við slysið og sá hægri hafi orðið talsvert skýjaður með tímanum og mun fyrirsjáanlega þurfa að skipta um augasteina á báðum augum.

Í vottorði E augnlæknis, dagsettu 30. mars 2014, segir að fyrir liggi að unnt sé að gefa brotaþola fulla sjón á bæði augu með hörðum linsum en þrátt fyrir það sé ekki fullur sigur unninn því að eftir að brotaþoli fái réttu linsurnar taki við allangur aðlögunartími þar sem brotaþoli þurfi að venjast linsunum og byggja upp þol fyrir þeim og geti það reynst brotaþola erfitt og jafnvel ókleift. Reynslan sé sú að 40-50% þeirra sem reyna að venjast hörðum linsum gefist upp á því. Reynslan ein næstu mánuði muni leiða þetta í ljós.

III

Hinn 21. júní 2012 var F augnlæknir dómkvaddur eftir beiðni lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til „að yfirfara læknisfræðileg gögn í málinu og leggja hlutlaust mat á áverka kæranda málsins út frá verknaðarlýsingu kæranda, vitna og kærða.“ Þá sendi skipaður verjandi ákærða matsmanni þrjár spurningar með tölvubréfi 15. ágúst 2012. Í forsendum matsmanns segir meðal annars að samkvæmt frásögn brotaþola og vitna þá hafi brotaþoli horft út um rúðuna þegar ákærði sló kylfunni í hana svo að hún splundraðist. Viðbrögð brotaþola þegar hann hafi séð ákærða koma bendi til að hann hafi óttast ákærða og þegar menn séu óttaslegnir séu það hin náttúrulegu viðbrögð að augun opnast meira og ljósopin vikki. Auk þess hafi brotaþoli setið inni í bílnum meðan ákærði hafi staðið fyrir utan og því hafi brotaþoli trúlega horft upp á við og þá lyftist augnlokin. Fjarlægð andlits brotaþola frá rúðunni geti varla hafa verið meiri en 30-40 cm og ekki sé ólíklegt að kylfan hafi fylgt brotunum eftir eitthvað inn í bílinn og ýtt á eftir þeim. Það að ekki hafi verið glerbrot til staðar þegar brotaþoli fór í aðgerðina geti skýrst af því að bæði forhölfsvökvi og tár hafi vafalaust flætt út úr augum hans og þannig skolað þau. Hugsanlega hafi líka eitthvað verið skolað eða þurrkað úr augunum á leiðinni í aðgerðina. Þá segir orðrétt: „Niðurstaða mín er því sú að líklegt sé að augu Y hafi verið galopin og glærurnar því mikið til óvarðar af

augnlokum þegar höggið reið á rúðunni og glerbrot af ýmsum stærðum þeyttust framan í hann frá kylfunni af stuttu færi. Það er því mitt mat að áverkarnir á augum Y geti vel hafa orðið með þeim hætti sem hann og fleiri vitni hafa lýst. Það er að segja að glerbrot frá hinni brotnu rúðu hafi skorið og tætt glærur hans í sundur.“

IV

Ákærði lagði fram skriflega greinargerð í málinu samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þar segir meðal annars að lögregla hafi ekki rannsakað málið að neinu leyti en látið nægja að taka skýrslur af ákærða, brotþola og vitnum. Myndir teknar á vettvangi sýni glerbrot fyrir utan bifreiðina en ekki hvort þau hafi verið að finna inni í bifreiðinni. Þá hafi ekki verið upplýst hvers eðlis gler í rúðum bifreiðarinnar sé eða með hvaða hætti það brotni, inn eða út. Ekki sé upplýst hvers vegna glerbrot sé að finna á tveimur stöðum. Lögregla hafi ekki tekið skýrslu af sjúkraflutningamönnum en í frumskýrslu lögreglu komi fram að lögregla hafi fengið upplýsingar um að þeir hafi séð glersalla í augum brotþola. Þá sé ekki upplýst um aðgerðir sjúkraflutningamanna, þar með talið hvort þeir hafi skolað úr augum brotþola. Rannsókn hafi ekki farið fram á því hvort ákærði eigi hafnaboltakylfu og ekkert vitnanna lýsi því hvort um álkylfu eða trékylfu hafi verið að ræða.

Einnig segir að ákærði hafni niðurstöðum matsgerðarinnar þar sem hann telji að matsmaður hafi farið út fyrir hlutverk sitt. Matsmaður gefi sér ákveðnar staðreyndir og fari inn á svið tæknideildar lögreglu. Þá styðjist matsmaður við ranga ípróttagrein þegar hann afli sér upplýsinga um meðalhögghraða.

Sýknukrafa ákærða er á því byggð að hann hafi ekki gerst sekur um líkamsárás á brotþola, hvorki af ásetningi eða gáleysi. Vísað er til þess að ákærði hafi gert grein fyrir málsatvikum og hafni því að hafa borið hafnaboltakylfu. Ákærði kveðst mögulega hafa brotið rúðu með hendinni þegar hann hafi brugðist við tilraun brotþola til þess að aka á hann. Þá hafni ákærði því að hafa gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða önnur ákvæði laganna og mótmælir bótaskyldu í málinu.

V

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði neitar sök. Hann greindi frá því að hann hefði verið á ferð í [...] og þá mætt brotþola og tveimur öðrum mönnum. Hann hafi þurft að tala við brotþola og því elt bifreið hans að bílastæði við einhverja blokk upp með Læknum. Hafi hann lagt bifreið sinni þar skammt frá og labbað að bifreið þeirri sem brotþoli var í en þá hafi brotþoli bakkað á hann og keyrt hann niður og hafi rúðan í bifreiðinni brotnað við það. Þá stekkur hann brjáláður út úr bílnum og þá hafi ákærði ákveðið að fara í burtu, enda hafi hann ekki ætlað að lenda í slagsmálum við þessa stráka. Ákærði kvað aðdragandann að þessu hafa verið þann að brotþoli hafi unnið um tíma á verkstæði hjá ákærða og hreinsað öll tæki út úr verkstæðinu. Það hafi verið tveimur mánuðum áður og hafi ákærði kært brotþola til lögreglu fyrir þjófnað. Brotþoli hafi látið sig hverfa og hafi ákærði ekki séð brotþola fyrr en hann hafi mætt honum þennan dag. Hafi hann ætlað að tala við hann og fá tækin aftur en það hafi endað með þessu óhappi. Ákærði neitaði því að

hafa haft samband við brotapolu í síma vegna þjófnaðarins. Ákærði kvað að bifreiðinni hefði verið lagt í stæði þegar hann hafi komið þar að og hefði hann verið kominn út á mitt bílastæðið þegar brotapolu hafi bakkað á fullu á ákærða. Hafi hann sett höndina fyrir sig en fallið við og skorist við það. Olnboginn og höndin hafi farið í rúðuna og brotið hana. Þá hafi brotapolu stöðvað bifreiðina og stigið út með látum. Ákærði neitaði því að hafa verið með hafnaboltakylfu og kvaðst hvorki eiga slíka kylfu né hafa haft hana meðferðis. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við neina áverka á brotapolu og ekki veitt honum neina áverka og ekki snert ákærða eða veitt honum nein högg.

Brotapoli gaf skýrslu fyrir dómi og kvaðst hafa verið að tengja útvarp í bifreið foreldra sinna þegar Helgi, sem setið hafi í farþegasæti við hlið brotapolu, öskrar að ákærði sé að koma með hafnaboltakylfu. Brotapoli kvaðst hafa orðið hræddur, enda hefði ákærði hóttað honum margoft, og startað bílum og bakkað um tvo metra þegar hafnaboltakylfa kemur á fleygiferð í gegnum rúðuna. Brotapoli kvaðst hafa sett höndina upp en ekki nógu vel og hafi augasteinarnir splundrast við þetta. Brotapoli hafi stigið út úr bílnum en þá hafi ákærði slegið hann með kylfunni í öxlina og sagt: „Hvar er dótið mitt.“ Hafi brotapolu öskrað, enda hefði hann fundið mikinn sársauka í augunum. Þá hafi ákærði lamið aftur en brotapolu náð að grípa í kylfuna. Í því hafi vinir hans komið út úr bifreiðinni og nágranni hans og öskrað á ákærða. Þá hafi brotapolu farið inn til sín og skvett vatni í augun og hringt hafi verið á sjúkrahús sem hafi komið eftir um þrjár mínútur. Brotapoli bar að ákærði hefði ítrekað hóttað sér og fjölskyldu sinni eftir atvikið. Ákærði hefði sakað brotapolu um að hafa stolið frá sér vélum og verkfærum af verkstæðinu fyrir milljónir. Spurður greindi brotapolu frá því að hann hefði séð ákærða koma að bílnum, sem hann var í, frá hægri með hafnaboltakylfu, trékylfu. Hann hefði startað bílnum og sett í bakkgríp og eins og sjá megi af ljósmyndum hafi hann verið búinn að bakka um það bil tvo metra þegar ákærði hefði verið kominn vinstra megin við bílinn og lemur hafnaboltakylfunni á fleygiferð í rúðuna. Spurður nánar kvað brotapolu að um hefði verið að ræða trékylfu af stærstu gerð, líklega um einn metra að lengd. Kylfan sjálf hafi ekki farið í hann þegar hann var inni í bílnum. Kylfuna hefði hann séð áður milli framsæta í bifreið ákærða, þeirri sem hann kom á, vínrauðum Cherokee.

Vitnið A kom fyrir dóminn og greindi frá því að hann hefði verið með brotapolu og B í bifreið á bílastæði við [...] þegar vitnið hafi séð ákærða koma að bílnum með hafnaboltakylfu og slá beint í rúðuna hjá brotapolu og glerbrotin hafi farið yfir allan bílinn. Vitnið hafi fært sig hægra megin í bílinn og séð brotapolu fara út úr bifreiðinni með höndina fyrir sér. Vitnið kvaðst hafa beðið í nokkrar sekúndur en svo hafi hann einnig farið út úr bifreiðinni og séð brotapolu vera að verja sig en ákærði hafi verið með kylfu á lofti og fer að sínum bíl og keyrir í burtu. Eftir það fóru allir inn til foreldra brotapolu og var brotapolu mjög kvalinn í augum. Spurður um hafnaboltakylfuna kvað vitnið sig minna að hún hefði verið blá að lit, úr áli og um metri að lengd. Vitnið hafi fyrst orðið vart við að rúðan brotnaði og glerbrot þyrluðust yfir bílinn. Vitnið kvaðst fyrst hafa séð ákærða þegar hann hafi farið út úr bílnum. Hafi ákærði verið með kylfu og að labba í áttina að sínum bíl. Höggið á rúðuna hafi verið frekar fast. Bíllinn hafi verið kyrrstæður. Vitnið heyrði nafn ákærða hrópað. Vitnið kvaðst vita um forsöguna en ekki vita til þess að brotapolu hafi tekið hluti af ákærða. Vitnið sá brotapolu grípa í kylfuna. Vitnið taldi að ákærði hefði gert sér grein fyrir því sem gerst hefði.

Vitnið G rannsóknarlögreglumaður ritaði frumskýrslu í málinu og kvaðst muna eftir því að bílinn hefði verið inni í bílastæði gegnt húsinu þegar komið hafi verið á vettvang. Vitnið kvaðst hafa fengið upplýsingar um að brotapolí hefði fengið glersalla í auga en farið hefði verið með brotapolá af vettvangi. Ekki hafi verið talin ástæða til að kalla til tæknideild lögreglu til að rannsaka vettvanginn. Vitnið gat ekki fullyrt um ástæðu þess að glersalli hefði verið á tveimur stöðum á bílastæðinu. Hún kvað lögreglu ekki hafa fært bílinn til því að þá hefði þess verið getið í frumskýrslu lögreglu. Þá mundi vitnið ekki hvort athugað hefði verið hvort glersalli væri inni í bifreiðinni. Vitnið staðfesti frumskýrsluna í málinu.

Vitnið B gaf skýrslu fyrir dómi. Hann greindi frá því að hann hefði verið með A og brotapolá sem var að laga græjurnar í bíl foreldra sinna. Vitnið kvaðst vita að ágreiningur væri á milli brotapolá og ákærða. Vitnið bar að það hefði séð ákærða koma með hafnaboltakylfu. Brotapolí hafi reynt að bakka þegar hann hafi séð ákærða sem þá hafi dúndrað kylfunni í bílrúðuna. Vitnið kvaðst hafa stokkið út úr bílnum og séð ákærða lemja brotapolá tvisvar í viðbót. Annað höggið hafi farið í öxlina á brotapolá en hitt í höfuðið en brotapolí hafi náð að blokkera það þannig að það hafi ekki verið alvarlegt. Vitnið kvaðst hafa kallað til ákærða: „Hvað ertu að gera,“ og þá hafi ákærði hætt og farið í burtu. Vitnið bar að það hefði fylgt brotapolá heim. Þeir hafi fyrst haldið að ekkert væri að honum, enda hefðu þeir ekki gert sér grein fyrir því að brotapolí hefði fengið glerbrotin í augun. Aðspurtt kvaðst vitnið hafa séð hafnaboltakylfunu og að hún lenti í rúðunni sem hafi mölbrotnað. Hafi ákærði slegið af miklu afli með kylfunni. Viðbrögð brotapolá hafi verið að taka um augun og stökkva beint út úr bílnum. Kylfan hafi verið um einn metri að lengd og úr áli. Vitnið kvaðst vita til þess að ákærði hefði hóttað brotapolá fyrir atburðinn og þess vegna hefði hann aðvarað brotapolá þegar hann hafi séð ákærða koma.

Vitnið H gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að brotapolí hefði komið hlaupandi inn í íbúðina og sagt að hann sæi ekkert. Hún kvaðst hafa sett vatn í lófa sinn og skvett því framan í brotapolá en það hefði engu breytt. Helgi og Haffi hefðu einnig komið í íbúðina og nágrenninn C. Hringt hefði verið í lögreglu og sjúkrahól. Vitnið greindi frá vitneskju sinni um forsögu málsins og ágreining á milli brotapolá og ákærða vegna launa. Einnig frá hótunum af hendi ákærða og ásökunum um þjófnað.

Vitnið I kom fyrir dóm og greindi frá því að brotapolí hefði komið í íbúðina og sagst vera blindur af völdum ákærða. Hann hefði slegið með kylfu í rúðuna á bílnum. Helgi og A hafi verið á vettvangi. Hann kvað brotapolá vera breyttan, skapvondan og þunglyndan. Brotapolí hafi reynt að skola augun með vatni. Vitnið greindi frá hótunum sem þau hefðu fengið vegna ágreinings brotapolá og ákærða. Einnig ásökunum um þjófnað.

Vitnið J sjúkraflutningamaður gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið kvaðst ekki muna nein smáatriði frá útkalli í [...] í [...], enda væri langt um liðið, annað en að maður hefði verið í bíl og allt fullt af glerbrotum og kvartað yfir áverkum á augum. Vitnið mundi ekki hvort augu brotapolá hefðu verið skoluð. Vitnið kvaðst hafa skrifað skýrslu um útkallið þar sem fram kæmi umkvörtun brotapolá. Þá kvaðst vitnið ekki muna hvort brotapolí hefði nuddað augun en það væru ekki óeðlileg viðbrögð.

Vitnið D augnlæknir kom fyrir dóm og greindi frá því að hann hefði tekið á móti brotaþola þegar hann hafi komið á augndeild Landspítalans en þangað hefði hann komið af slysadeild. Áverkar brotaþola hefðu verið alvarlegir, hann hefði verið með göt á hornhimnu beggja augna og á hægra auga hefði brotaþoli verið með sundurtættan skurð í gegnum hornhinnuna sem var hliðlægt ofan til. Vef vantaði í hornhinnuna sjálfa. Vitnið kvað áverkann hafa verið á stað sem væri venjulega hulið af augnlokinu. Á vinstra auga hafi brotaþoli einnig verið með sundurtættan skurð til hliðar, ekki í miðju og undir augnlokinu. Hluta af augasteininum sjálfum hafi vantað. Augað sé vökvafyllt og það sem gerist þegar gat komi á hornhinnuna sé það að vökvinn tæmist úr og þá komi lithimnan sem gefi auganu lit og fylli upp í gatið og verði eins konar bót og stífli. Framhluti augans verði tómur og þannig hafi það verið hjá brotaþola. Vitnið framkvæmdi aðgerð á brotaþola. Það hefði verið svolítið bras að sauma skurðina af því að vefi hefði vantað í og því hefði verið erfitt að ná þessu saman, það er að loka báðum augum. Vitnið kvaðst hafa skoðað brotaþola fyrst á eftir en síðan hefði hann farið til E augnlæknis. Vitnið bar að engin glerbrot hefðu fundist á brotaþola eða inni í augum. Þá hefði útlit áverkanna verið sérstakt, því ef þú kemur með eitthvað oddhvasst, eitt högg, þá er það skurður eins og eftir hnífsblað eða svoleiðis. Þá eru skarpir kantar, en þannig hafi það ekki verið hjá brotaþola, heldur eins og eitthvað sljótt, eitthvað ekki oddhvasst, hefði farið þarna í gegn. Spurður um það hvort áverkarnir samrýmdust því að einhver glermassi, líkt og þegar rúða brotnar, eða eitthvað slíkt, hefði lent á brotaþola, neitaði vitnið því, auk þess sem áverkarnir hefðu komið sitt úr hvorri áttinni og á svæði sem er hulið af augnlokunum, en ekkert hafi verið að sjá á þeim. Vitnið kvað ólíklegt að áverkar á augum brotaþola væru af þeim völdum sem brotaþoli lýsir, það er eftir glerbrot. Það væri ólíklegt en ekki útilokað. Áverkarnir litu út eins og eitthvað ekki oddhvasst hafi tætt gat á augað en hvernig það hafi gerst kvaðst vitnið ekki vita, en það hefði komið af miklu höggi. Vitnið taldi afar ósennilegt að áverkar á brotaþola væru af þeim völdum að glerbrotum á höndum á manni hefði verið nuddað í augun. Hornhimna augans væri sterkur vefur og mikið þyrfti til að fara í gegnum hana. Ákveðið afl þyrfti til þess, eitthvað á fleygiferð, eða ýtt af miklu afli. Vitnið staðfesti læknabréf, dagsett 28. október 2010, sem það ritaði og væri aðgerðarlýsing. Einnig staðfesti vitnið vottorð, dagsett 12. október 2010.

Vitnið E augnlæknir bar fyrir dómi að hann hefði fyrst séð brotaþola í byrjun desember 2010. Eftir það hafi verið ætlunin að brotaþoli kæmi í eftirlit einu sinni í mánuði næstu mánuðina sem hann gerði oftast nær. Það hafi þó komið fyrir að brotaþoli hafi ekki mætt í tíma sem honum hafi verið gefnir. Eftirlitið hafi falist í því að líta eftir saumum og því hvort merki væri um bólгур eða sýkingar. Til stóð fyrstu mánuðina að gera aðgerð á brotaþola, fyrst og fremst hornhimnuflutninga, en það breyttist síðar þar sem skynsamlegt var talið að reyna að skipta um augastein áður en gerður yrði hornhimnuflutningur. Þá kom fram hjá vitninu að í janúar 2013 hefði D gert augasteinsaðgerð á hægra auga brotaþola og að í framhaldinu hafi vitnið prófað að setja á hann harða snertilinsu til að athuga hvað hægt væri að fá góða sjón, meðal annars með tilliti til þess að ekki væri nauðsynlegt að gera hornhimnuflutning. Með linsunni batnaði sjónin umtalsvert og virtist fara í 70%. Úr varð að linsan var pöntuð en brotaþoli leysti ekki út linsuna. Það dróst í marga mánuði. Þá bar vitnið að brotaþoli hefði ekki komið til sín lengi og því vissi hann ekki stöðuna á brotaþola núna enda hefði vitnið ekki hitt brotaþola í eitt ár. Þá vissi vitnið til þess að brotaþoli hefði ekki komið á augndeildina frá því í febrúar 2013.

Vitnið staðfesti vottorð sem það skrifaði 9. desember 2010.

Vitnið F, augnlæknir og dómkvaddur matsmaður, gaf skýrslu fyrir dómi. Vitnið kvað helstu niðurstöður matsins vera þær að áverkar brotaþola væru vissulega óvenjulegir. Í frásögn brotaþola og vitna komi fram að hafnaboltakylfu hefði verið slegið í rúðu bílsins og glerbrotin þeyst framan í brotaþola. Niðurstaða væri að þrátt fyrir að áverkarnir væru óvenjulegir þá gætu atvikin hafa orðið með þeim hætti sem lýst sé þótt almennt mætti búast við annars konar áverkum. Fínkurlað gler úr brotnum rúðum er almennt ólíklegt til að valda svona miklum skaða eftir því sem vitnið hafði kynnt sér. Verði hert gler fyrir miklu höggi þá splundrast það skyndilega eins og það feli í sér sprengikraft. Niðurstaða vitnisins er að miðað við fjarlægð frá rúðunni sé viðkomandi að fá á sig meiri massa, meira samhangandi gler en þegar rúða er búin að splundrast. Brotin eru með hvössum köntum og eru skerandi en eru lítil, 3-5 mm, þannig að það væri lítil massi ef einu slíku broti væri kastað framan í viðkomandi og þá þyrfti mjög mikla orku til að valda svona skaða. Öðru máli gegni um mörg brot sem koma af miklu afli þá gætu þau valdið þessum skaða. Hafi það verið ályktun vitnisins. Þá kom fram hjá vitninu að eftir því sem það hefði kynnt sér þyrfti mikið og snöggt högg til að brjóta rúðu og taldi vitnið að þungt hnefahögg dygði ekki eða að reka sig óvart í rúðuna. Það þyrfti þá að vera mjög fast högg. Þá kvaðst vitnið geta tekið undir það sem D skrifi í sínu vottorði. Sérkennilegt sé að fá svona áverka á augun án þess að um aðra áverka í andliti sé að ræða. Augun séu þó mun viðkvæmari en húðin. Áverkinn á augunum er þó eins og búast mætti við, það er skerandi en samt ekki eins og eftir hníf. Aðspurt kvað vitnið það ekki vera skrítið að gler hefði ekki fundist í auga brotaþola. Það væri algengt við áverka á auga að það skerast í sundur og dettur svo út aftur því að um leið og það skerast vegna þrýstings, svipað eins og skorið væri í blöðru fulla af vatni, þá pusast út vökvinn úr auganu. Sárið skolast strax og lithimnan og fleira getur komið út í sárið. Vitnið staðfesti matsgerð sína fyrir dómi.

Vitnið C kom fyrir dóm og greindi frá því að hún hefði kíkt út um glugga á heimili sínu og séð mann vera að ráðast á nágranna sinn sem hafi verið kominn út úr bílnum og að búin var að brjóta rúðu í bílnum. Árásarmaðurinn hafi verið með kylfu og verið að ráðast á brotaþola sem var með vinum sínum sem stóðu hjá og gerðu ekkert. Eftir það sá vitnið brotaþola hlaupa inn í húsið og þá hafi það farið fram á stigagang og séð brotaþola allan í blóði og foreldra hans að hringja í sjúkrabíl. Nánar spurð bar vitnið að í upphafi hefði hundurinn hennar gelt mikið við gluggann og þá hafi hún kíkt út og séð mann með kylfu vera að ráðast á brotaþola sem hafi verið að koma út úr bílnum. Eftir að hann hafi verið kominn út hafi árásarmaðurinn slegið brotaþola nokkrum sinnum með kylfunni. Eftir það hljóp brotaþoli inn. Hafi brotaþoli haldið fyrir andlitið og verið slegið aftan í hann. Vitnið kvaðst hafa séð að árásarmaðurinn hafi farið inn í sinn bíl, grænan Grand Cherokee jeppa, sem vitnið kvaðst hafa séð nokkrum sinnum áður fyrir utan húsið eins og verið væri að bíða eftir brotaþola. Hafi það verið nokkrum dögum áður. Íbúð vitnisins væri á annarri hæð og snéru gluggarnir út að bílastæðinu við húsið. Vitnið kvaðst aðspurt hafa séð blóð á brotaþola og vita til þess að hann hefði fengið glerbrot í augun en ekki séð aðra áverka. Um fjarlægðina frá glugganum að bílastæðinu þar sem bílinn hafi verið taldi vitnið vera fjóra metra.

Vitnið K, sjúkraflutningamaður og varðstjóri hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, gaf skýrslu fyrir dómi en kvaðst muna lítið eða ekki neitt frá þessu útkalli. Kvaðst vitnið ekki geta borið neitt um ástand brotaþola. Að sögn

brotapola hafi hann fengið glerbrot í auga og að reynt hafi verið að skola úr þeim. Vitnið kvaðst ekki hafa fyllt úr sjúkraflutningablað vegna útkallsins.

VI

Samkvæmt ákæru ríkissaksóknara er ákærða gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás með því að hafa 27. september 2010 á bifreiðastæði framan við [...] í [...] veist með ofbeldi að brotapola en ákærði er sakaður um að hafa slegið með hafnaboltakylfu í hliðarrúðu bifreiðar ökumannsmegin vitandi að brotapolí sat í ökumannssæti, með þeim afleiðingum að rúðan mölbrotnaði, glerbrot þeyttust á brotapola og í bæði augu hans. Þá er ákærða gefið að sök að hafa slegið brotapola með kylfunni í vinstri öxl hans eftir að hann hafði stigið út úr bifreiðinni.

Ákærði neitar sök. Hann hefur viðurkennt að hafa mætt brotapola á akstri í [...]

[...]. Hafi hann elt bifreið brotapola á bílastæði við [...] til þess að ræða við hann um ætlaðan þjófnað brotapola á munum af verkstæði því sem ákærði rak og brotapolí vann á. Hafi ákærði gengið að bifreiðinni en þá hafi brotapolí skyndilega bakkað bifreiðinni á ákærða og keyrt hann niður. Ákærði hafi sett höndina fyrir sig en fallið við það og skorist. Hafi rúða í bifreiðinni brotnað við það að ákærði ýtti í rúðuna. Brotapolí hafi stokkið brjáláður út úr bifreiðinni en ekkert hafi verið hægt að ræða við hann og því hafi ákærði farið af vettvangi. Ákærði neitar því að hafa verið með eða slegið með hafnaboltakylfu í rúðuna með þeim afleiðingum að hún brotnaði. Kvaðst ákærði ekki eiga slíka kylfu og er vörn hans byggð á því að atvik hafi verið með þeim hætti sem hann lýsir.

Brotapolí, Y, bar um það, bæði í skýrslu sinni hjá lögreglu og fyrir dómi, að ákærði hefði verið með hafnaboltakylfu og slegið henni af miklu afli í hliðarrúðu bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að rúðan hafi mölbrotnað og glerbrot farið í bæði augu hans. Eftir það hafi brotapolí farið út úr bifreiðinni en þá hafi ákærði slegið hann með kylfunni í öxlina og síðan ætlað að slá hann í andlitið en þá hafi brotapolí náð að grípa í kylfuna og verjast högginu. Vitnið kvaðst kannast við hafnaboltakylfuna sem ákærði hefði notað þar sem vitnið hefði séð kylfuna áður á milli framsæta í bifreið ákærða. Vitnin B og A voru í bifreiðinni með brotapola og báru báðir um það fyrir dómi að ákærði hefði slegið með hafnaboltakylfu í rúðuna og brotið hana. Þá fullyrti vitnið C að hún hefði séð mann með kylfu ráðast á brotapola fyrir utan bifreiðina og hefði rúða í bifreiðinni þá verið brotin.

Samkvæmt þessu staðfestir framburður B, A og C, auk framburðar brotapola, að ákærði var með hafnaboltakylfu á vettvangi og sló með henni í hliðarrúðu bifreiðarinnar með fyrrgreindum afleiðingum. Engu breytir í þessu sambandi þótt vitnum beri ekki nákvæmlega saman um það hvort um hafi verið að ræða tré- eða álkylfu eða hvernig hún hafi verið á litinn. Á litljósmynd, sem er hluti af frumskýrslu G rannsóknarlögreglumanns í málinu, má vel greina ákomu á álramma á bílhurðinni ökumannsmegin umhverfis hina brotnu rúðu sem getur verið eftir högg. Þá sýna myndir með skýrslunni glersalla á tveimur stöðum, það er við bifreiðina og nokkru fyrir aftan hana.

Ákærði hefur borið um það að hann hafi ætlað að ræða við brotapola og gengið að bílnum í því skyni en þá hafi brotapolí skyndilega bakkað bílnum á

ákærða og fellt hann. Hafi ákærði þá ýtt með vinstri hendi í hliðarrúðuna ökumannsmegin og við það hafi rúðan brotnað. Að mati dómsins eru skýringar ákærða á því hvernig rúðan brotnaði ótrúverðugar og verður ekki á þeim byggt gegn framburði áðurgreindra vitna og brotþola sem þykja hafa gefið trúverðugar skýringar á því hvernig rúðan brotnaði. Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið þykir að mati dómsins sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði var með hafnaboltakylfu í umrætt sinn og sló með henni í hliðarrúðu bifreiðarinnar [...] ökumannsmegin með þeim afleiðingum að rúðan mölbrotnaði.

Vitnið B, sem sat við hlið brotþola í bifreiðinni, bar um það fyrir dómi að hann hefði séð ákærða slá brotþola tvisvar. Hafi annað höggið farið í öxlina á brotþola en hitt í höfuðið en það högg hafi brotþoli náð að koma í veg fyrir. Vitnið C bar að hún hefði séð mann með kylfu slá brotþola „nokkrum sinnum“. Vitnið bar að brotþoli hefði haldið fyrir augun og að árásarmaðurinn hefði slegið brotþola „aftan í hann“. Samkvæmt þessu þykir sannað, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, með framburði vitnanna B, C og brotþola sjálfs, að ákærði hafi slegið með kylfunni í öxl brotþola eftir að brotþoli var kominn út úr bifreiðinni. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákæru að veitast að brotþola með ofbeldi og slá í öxl brotþola með hafnaboltakylfu. Telst brot hans réttilega heimfært undir ákvæði 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vitni hafa borið um aðdragandann að því að ákærði veittist að brotþola í umrætt sinn. Brotþoli heldur því fram að ákærði hafi ekki að fullu greitt honum fyrir vinnu á bílaverkstæði og hafi brotþoli ítrekað gengið eftir því að ákærði greiddi honum skuldina. Ákærði hefur á hinn bóginn borið brotþola þeim sökum að hafa stolið munum af verkstæðinu fyrir mörg hundruð þúsund krónur við starfslok sín á verkstæðinu. Þá kom fram hjá brotþola fyrir dómi að ákærði hefði hóttað honum líkamsmeiðingum ef hann skilaði ekki munum sem ákærði taldi að hann hefði tekið af verkstæðinu. Samkvæmt framburði foreldra brotþola og vitnanna B og A var þeim kunnugt um þessar hótanir ákærða vegna hins ætlaða þjófnaðar.

Sú háttsemi ákærða að slá með kylfu í rúðuna, vitandi það að brotþoli sat í ökumannssæti bifreiðarinnar í aðeins nokkurra sentímetra fjarlægð frá rúðunni, var gáleysisleg og vítaverð, enda var ákærða eða mátti vera ljóst að háttsemi hans væri til þess fallin að valda skaða á líkama brotþola. Í ákæru og vottorði D augnlæknis 12. október 2010 segir að brotþoli hafi hlotið 5 mm langan skurð ofan til og hliðlægt á hornhimnu hægra auga, rúmlega 5 mm langan skurð ofarlega á hornhimnu vinstra auga og skaddaðan augastein. Hafi brotþoli orðið blindur á vinstra auga en sé með 20% sjón á hægra auga. Samkvæmt niðurstöðu dómkvadds matsmanns í málinu er líklegt að augu brotþola hafi verið galopin og glærurnar því mikið til óvarðar af augnlökunum þegar höggið reið á rúðuna og glerbrot þeyttust framan í brotþola frá kylfunni af stuttu færi. Geti áverkar á augum brotþola vel hafa orðið með þeim hætti sem hann og fleiri vitni lýsi, það er að glerbrot frá hinni brotnu rúðu hafi skorið og tætt glærurnar í sundur. Vitnið D augnlæknir bar um það fyrir dómi að sjaldgæft væri að fá gat á bæði augu án áverka annars staðar á andliti og augnlökum en það væri alls ekki útilokað. Það er hins vegar mat dómsins að enginn minnsti vafi sé á því að augnáverkar þeir sem brotþoli varð fyrir hafi orðið vegna glerbrota sem hafi kastast af miklu afli í augu hans þegar fremri hliðarrúða í bifreið þeirri sem brotþoli sat í brotnaði af völdum ákærða. Í því sambandi þarf að

hafa í huga að stefna augnskurðanna út frá miðju hvors auga fyrir sig er ekki óvenjuleg ef tekið er tillit til kúlulags augnanna og því er líklegt að ákoman hafi komið úr sömu átt á bæði augun en ekki sitt úr hvorri áttinni. Fram er komið það mat dómsins að sannað sé með framburði brotaþola og tveggja vitna að ákærði hafi slegið með hafnaboltakylfu í hliðarrúðu bifreiðarinnar [...] öikumannsmegin og mölbrotið hana. Þrátt fyrir það er að mati dómsins ósannað að ákærði hafi af ásetningi ætlað að valda brotaþola svo miklu líkamstjóni sem raun varð, en það er skilyrði þess að brot ákærða verði heimfært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Þannig er ósannað að ákærði hafi vísvitandi og af ásetningi ætlað að valda brotaþola þeim áverkum sem lýst er að framan. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga vegna afleiðinganna. Hins vegar þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með vítaverðri og gáleysislegri háttsemi sinni.

VII

Ákærði er fæddur á árinu 1965. Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki sætt refsingum. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að sannað þykir að ákærði hafi veist að brotaþola með ofbeldi og slegið hann með hafnaboltakylfu í öxlina. Ekki þykir sannað að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að valda brotaþola þeim alvarlegu áverkum sem hann hlaut þegar glerbrot þeyttust í bæði augu brotaþola. Við það er miðað að ákærði hafi valdið brotaþola tjóni af gáleysi og fram er komið að ákærði hafi með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 218. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga. Fyrir liggur að brotaþoli varð fyrir miklum skaða á báðum augum af völdum árásar ákærða. Er því lýst í vottorði augnlæknanna D og E. Í vottorði þess síðarnefnda 30. mars síðastliðinn kemur fram að unnt væri að veita brotaþola fulla sjón á báðum augum með því að nota harðar linsur en slíkt þurfi langan aðlögunartíma og ekki sé ljóst fyrirfram hvernig til takist. Er því óljóst hvort og þá eftir atvikum að hve miklu leyti brotaþoli fær bata í framtíðinni.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til 1., 2. og 3. töluliða 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það horfir til refsipýngingar að ekkert er fram komið í málinu sem réttlætir hina harkalegu og fyrirvaralaus árás á brotaþola. Á hinn bóginn er til þess að líta að ákærði hefur ekki áður hlotið dóm fyrir refsiverða háttsemi. Þá verður ekki litið fram hjá því að mál þetta hefur dregist úr hófi fram. Rannsókn lögreglu á málinu var lokið í október 2012, eða rúmum tveimur árum eftir að atvik máls gerðust. Er sá dráttur á málsmeðferð ámælisverður og andstæður 2. málslið 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Matsgerð dómkvadds matsmanns lá fyrir í september 2012 en ákæra var ekki gefin út fyrr en 30. ágúst 2013 eða tæpu ári eftir að rannsókn málsins lauk. Fyrir liggur að óhóflegur og að mestu óútskýrður dráttur varð á málinu fyrir útgáfu ákæru sem ákærða verður með engu móti kennt um. Að öllu framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

VIII

Af hálfu brotapolans Y er þess krafist að viðurkennd verði bótaskylda ákærða vegna þess líkamstjóns sem brotþoli hlaut 27. september 2010 vegna líkamsárásar ákærða. Ákærði krefst þess að bótakröfunni verði vísað frá dómi. Af hálfu brotþola er byggt á því að ákærði hafi með tilefnislausri og fyrirvaralausri líkamsárás valdið brotþola alvarlegu líkamstjóni, sem haft hafi mikil áhrif á líf hans og lífsgæði. Hann sé nánast blindur á báðum augum, geti ekkert unnið og lítið gert nema með aðstoð annarra. Hann hafi þurft að undirgangast margar skurðaðgerðir á augunum, sem hafi þó lítið bætt sjónina. Byggt er á því að brot ákærða gegn brotþola hafi verið mjög gróft og hafi haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir hann, líkamlegar og andlegar. Hafi ákærði með broti sínu valdið brotþola bæði tímabundnu og varanlegu tjóni, miska og fjártjóni, sem ákærði beri ábyrgð á vegna saknæmrar og refsiverðrar háttsemi sinnar, sbr. 172. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og skaðabótalög nr. 50/1993.

Í lið VI hér að framan er komist að þeirri niðurstöðu að sannað sé að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og valdið brotþola líkamstjóni. Tjón brotþola af þessari háttsemi ákærða er enn ekki að fullu komið fram og gerir brotþoli því kröfu um að bótaskylda ákærða í málinu verði viðurkennd með dómi. Fram er komið að ákærði er sakfelldur fyrir þá háttsemi sem í ákæru greinir. Að því virtu verður fallist á kröfu brotþola eins og nánar segir í dómsorði.

IX

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins. Samkvæmt framlögðu yfirliti sækjanda nemur þegar útlagður sakarkostnaður 129.600 krónum sem er kostnaður vegna matsgerðar dómkvadds matsmanns, F augnlæknis. Verður ákærði dæmdur til að greiða þá fjárhæð sem og málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 670.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Þá ber ákærða enn fremur að greiða þóknun réttargæslumanns brotþola, Jónasar Þórs Jónassonar hæstaréttarlögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 251.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ekki þykja efni til að gera ákærða að greiða kostnað vegna læknisvottorðs E augnlæknis, sem dagsett er 30. mars síðastliðinn, það er 60.000 krónur, en vottorðið var lagt fram við framhaldsaðalmeðferð málsins degi síðar. Ákærði greiði því samtals 1.050.600 krónur í sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti mál þetta Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómararnir Jón Höskuldsson, sem dómsformaður, og Kristinn Halldórsson og Guðmundur Viggósson augnlæknir. Dómsformaður tók við meðferð málsins 12. febrúar 2014 en hafði engin afskipti af málinu fyrir þann tíma.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hannibal Sigurvinsson, sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Viðurkennd er bótaskylda ákærða vegna þess líkamstjóns brotaþola, Y, sem leiddi af brotum ákærða 27. september 2010.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 1.050.600 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 670.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Jónasar Þórs Jónassonar hæstaréttarlögmanns, 251.000 krónur.

Jón Höskuldsson

Kristinn Halldórsson

Guðmundur Viggósson